

*AFRIT*

# Starfsleyf.

þríhnúkar ehf.

Kt: 580405 - 0530

Leyfi til að starfrækja: Aðstöðu vegna ferðaþjónustu  
Aðsetur starfseminnar: Þríhnúkahellir í Bláfjöllum

Heilbrigðisnefnd veitir umbeðið leyfi samkvæmt gr. 4a í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 30. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu nr. 636/1997.

Leyfið gildir frá 15. maí 2013 til 15. september 2013.

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið.

Leyfið tekur til reksturs aðstöðu til móttöku á hópum ferðamanna í skipulögðum ferðum til hellisskoðunar.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla í reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, um húsnæði og lóðir,
- Í aðstöðunni skal vera aðgengileg snyrtiaðstaða með handlaug fyrir gesti og starfsmenn. Umbúnaður um afrennsli frá snyrtiaðstöðu skal uppfylla kröfur sem fram koma í gr. 13.5 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 eða jafngildi þeirra.
- III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu og flutnings til förgunar.

Sértaðar kröfur

- Til staðar skal vera skrifleg viðbragðsáætlun til að bregðast við slysum.
- Til staðar skal vera skrifleg viðbragðsáætlun við mengunaróhöppum.
- Leyfishafi skal tryggja að allur búnaður, þ.m.t. kranabóma, er tengist aðgengi að Þríhnúkahelli hafi fengið tilskyldar úttektir og vottanir.
- Leyfishafi skal sjá til þess að allir lausamunir verði fjarlægðir í lok tímabilsins.

Eftirlit.

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum XVI. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi, sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfi ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd eða skaðleg áhrif sem ekki voru ljós fyrir.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Garðabær, 12. desember 2012

*Cecilia Þórunn H. Einkarsdóttir*